

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Rangárþingi eystra árið 2007.

1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorp-förgunar- og sorphirðugjald) sbr. samþykkt nr. 137/2005 fyrir árið 2007.

2. gr.

Á íbúðarhús, sumarhús, öll fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skal sveitarstjórn skipa í flokka m.a. eftir áætluðu magni úrgangs.

Sorphirðugjald flokkanna er sem hér segir:

		kr.
1. flokkur	Sorphreinsunargjald á íbúð/m.v. 1 poka á viku	13.750
2. flokkur	Sorpeyðingargjald í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki	6.875
3. flokkur	Sorpeyðingargjald, sumarhús	4.875
4. flokkur	Fyrirtæki m.v. 1 pokagildi á viku (margfeldi í gámum)	13.750

3. gr.

Sorphirðugjald greiðist til sveitarsjóðs Rangárþings eystra og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu í Rangárþingi eystra, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra og samþykkt af heilbrigðisnefnd Suðurlands, er hér með staðfest í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, til þess að gilda fyrir árið 2007.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra, 14. desember 2006,

Unnur Brá Konráðsdóttir sveitarstjóri.